


Skýrsla  
æskulýðsnefndar  
hestamannafélagsins



Borgfirðingur

2022

# Æskulýðsstarf Borgfirðings var fjölbreytt þetta starfsár

## Boðið var upp á reglulega kennslu og fjölbreytt mót í reiðhöllinni Faxaborg í Borgarnesi.

### Hestaleikjanámskeið

Hófst 15.janúar og voru kennsluhelgar 6 og þátttakendur 33 börn á aldrinum 2 til 13 ára.

Á leikjanámskeiðinu var lögð áhersla á kennslu í gegnum leik og gleði. Þrautabrautir voru lagðar, boðreið, samhæfing, jafnvægi, leikir og fleiri skemmtileg verkefni.

Börnin mættu bæði með sína eigin hesta og var einnig í boði að fá lánaða hesta og reiðtygi fyrir þau börn sem ekki höfðu kost á að skaffa sér hross.

Lánshrossin fengu börnin hjá reiðskóla Guðrúnar Fjeldsted og kunnum við henni bestu þakkir fyrir lánið.

### Páskaeggjaleit með foreldrum

Tíminn 18.apríl var með fjölbreyttu sniði, þá var skipt í 4 hópa, börnin mættu í búning, fóru í páskaeggjaleit, þrautabraut og í leiki á hestunum og var mikil stemning með tónlist. Foreldrar tóku þátt, krakkarnir buðu ömmu og afa, frænkum og frændum og fengu allir páskaegg.

Kennari var Helga Rósa Pálsdóttir



## Svipmyndir frá hestaleikjanámskeiðinu





## Reiðnámskeið með Denise Weber

Almennt reiðnámskeið var haldið yfir vetrartímam með Denise Weber

7 sóttu námskeiðið og mættu iðkendur með sína eigin hesta. Námskeiðið var einstaklingsmiðað allt frá byrjendum og upp í þjálfun hrossa og knapa fyrir keppni.



## Mót

Fjölmörg mót voru haldin, bæði innimót og útimót og var alltaf boðið upp á polla- og barnaflokka. Góð þátttaka var á mótunum og voru þátttakendur ánægðir með verðlaunin sín sem voru ýmist verðlaunapeningar eða búnaður sem nýtist vel í hestamennskunni.



## Fjölskyldureiðtúrar

Fjölskyldur fjölmenntu í reiðtúr og var farið dágóðan reiðtúr og síðan í veglegt kaffihlaðborð í félagsheimili Borgfirðings.



Skýrsla æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Borgfirðings 2022





Skýrsla æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Borgfirðings 2022





Skýrsla æskulýðsnefndar hestamannafélagsins Borgfirðings 2022





**Fyrir hönd æskulýðsdeildar Borgfirðings**

Helga Rósa Pálsdóttir

Iðunn Silja Svansdóttir

Halldór Sigurkarlsson

Gunnar Halldórsson